



Fundargerð 69. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
Dagsetning: miðvikudagur 11. mars kl. 16:30 2014 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Viðstaddir:

Jón Eggert Bragason, Björg Ágústsdóttir (formaður), Sigríður Finsen, Sigrún Ólafsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Örvar Marteinsson, Helga María Jóhannesdóttir fulltrúi foreldra, Sólrún Guðjónsdóttir fulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósépsdóttir sem ritaði fundargerð. Magnús Þór Jónsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Nökkvi Freyr Smárason boðuðu forföll.

Formaður setti fundinn og bað fundarmenn velkomna.

1. Skólameistara veitt lausn frá embætti.

Skólameistari upplýsti skólanefnd um það að hann hefði sótt um lausn frá embætti, sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur samþykkt. Skólameistari mun láta af störfum 1. ágúst 2015. Skólanefnd mun álykta um málefnið og óska eftir því að auglýsingarferli fari af stað sem fyrst.

2. Ársskýrsla 2014 Drög.

Helstu niðurstöður ársskýrslu 2014 kynntar fyrir skólanefndarfólki og áheyrnarfulltrúum. Ársskýrsla FSN 2014 er á heimasíðu skólans. Ársnemendur voru 185 árið 2014. Samkvæmt fjárlögum 2015 er búið að takmarka ársnemendafjölda við FSN við 151 ársnemendur.

3. Ársreikningur 2014 Drög

Helstu niðurstöður ársreiknings 2014 kynntar skólanefndarfólki og áheyrnarfulltrúum. Drög að ársreikningi eru á heimasíðu skólans. Fjölbrautaskóli Snæfellinga mun í fyrsta sinn frá stofnun vera búinn að greiða upp uppsafnaðan halla, sem myndaðist á fyrsta starfsári skólans. Niðurstaða ársins 2014 er jákvæð um 6.m kr. Skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöðu ársins og störf skólameistara og starfsfólks hans.

4. Skólaakstur haustönn 2014.

Fjármálastjóri kynnti helstu niðurstöður vegna uppgjors skólaaksturs á haustönn 2014. Skólaakstur á Snæfellsnesi stendur undir sér, en ekki í við framhaldsdeildina á Patreksfirði. Skólameistari hefur gengið til samninga við núverandi akstursaðila um framlengingu til eins árs.



5. Fjárlög 2015

Fjárlög 2015 gera ráð fyrir skerðingu til Fjölbrotaskóla Snæfellinga. Ársnemendum er fækkað úr 185 í 151 eða um 18,4%. Niðurskurður á beinu fjármagni til skólans er um 2,4%. Búið er að samþykkja rekstraráætlun vegna ársins 2015.

6. Önnur mál

- Formaður skólanefndar, fyrir hönd skólanefndar er búinn að óska eftir fundi með ráðherra en ekki haft erindi sem erfiði.
- Sveitastjórnarmenn hafa óskað eftir því að fá frekari kynningu á málefnum skólans.
- Raddir ánægðra nemenda, útskrifaðra nemenda, dreifnemenda og fleiri nemenda þurfa að fá að heyrast. Við þurfum að búa til vettvang fyrir þessar raddir.
- Fyrirhugaður skólasamningsfundur er boðaður fyrir páska.
- Næsti skólanefndarfundur fyrirhugaður 14. apríl 2015.
- Námskrárvinnu og samstarfi skóla frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl.18:20.